



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 128/394
komudagur 3.12.2002

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 2. desember 2002
Tilv. FLE 18-2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Hildur Njarðvík nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál, sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.

Með bréfi dags. 18. nóvember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis Íslands eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE samþykkir fyrir sitt leyti meðfylgjandi greinargerð.

Virðingarfyllst,
Félag löggiltra endurskoðenda


Guðmundur Snorrason
formaður

Álitsnefnd
Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 2. desember 2002

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Guðmundur Snorrason, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324. mál, sérstakur tekjuskattur, rekstrartap, vextir o.fl.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Að fenginni umsögn Skattanefndar FLE tók Álitsnefnd málið fyrir á fundi sínum í dag.

Álitsnefnd FLE samþykkir meðfylgjandi umsögn Skattanefndar á frumvarpinu.

Virðingarfyllt

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA

Guðmundur Snorrason
Simon J. Gunnarsson
Ólafur Þ. Ólafsson
Þórunn H. Ólafsson
Þorvaldur Gunnarsson

Til álitsnefndar FLE

Reykjavík, 2. desember 2002.

Efni: Boðaðar breytingar á skattalögum.

Skattanefnd FLE hefur yfirfarið eftirtalin lagafrumvörp og hefur þessa umsögn fram að færa:

1. Frumvarp til laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda, mál nr. 323:

Engin athugasemd.

2. Frumvarp til laga um tekuskatt og eignarskatt, mál nr. 324:

Í 3. gr. þess frumvarps er gert ráð fyrir að kostnaður við rekstur bifreiða sem látnar eru starfsmönnum í té sé ekki frádráttarbær frá skattskyldum tekjum nema að því marki sem hann er talinn viðkomandi starfsmanni til tekna.

Nefndin hefur af því nokkrar áhyggjur að ákvæði þetta sé óskýrt og til þess fallið að valda ágreiningi milli skattstjóra og skattaðila. Ljóst er að bifreiðar gegna oft þýðingarmiklu hlutverki í tekjuöflun fyrirtækja og notkun þeirra er oft á tíðum mikil. Vitað er að starfsmenn geta haft afnot af bifreiðum fyrirtækja, ýmist takmörkuð eða ótakmörkuð. Ef hlunnindamat starfsmanna á að verða ráðandi um að hve miklu leyti rekstrarkostnaður bifreiða telst til frádráttarbærs kostnaðar í rekstri þá er með þessu ákvæði verið að brjóta það grundvallarákvæði 31. gr. skattalaganna að gjaldfæra megri þann kostnað sem gengur til að afla tekna, halda þeim við o.s. frv. Nefndin telur að ákvæðið eins og það var fyrir breytinguna hafi í reynd tekið til bifreiða sem voru lítið notaðar í þágu rekstrar og því verið eðlilegt en öðru máli gegni þegar það taki til allra bifreiða.

3. Frumvarp til laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, mál nr. 371:

Engar athugasemdir.

4. Frumvarp til laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, mál nr. 372:

Engar athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Skattanefnd FLE

Aðalsteinn Hákonarson
Gunnlaugur Kristinsson
Guðmundur Jens Þorvarðarson
Birkir Leósson.